

Borgarráð 8. maí 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að óska eftir meiri viðveru lögreglu í miðbæ Reykjavíkur um helgar MSS25050042

Borgarráð samþykkir að óska eftir því við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að viðvera lögreglu sé aukin í miðbæ Reykjavíkur á föstudögum og laugardögum með það að markmiði að bæta þjónustu við íbúa, starfsfólk og gesti svæðisins og stuðla að bættu öryggi þeirra. Óskað er eftir því að viðvera verði aukin með þeim hætti að tveir lögregluþjónar að lágmarki gangi milli Frakkastígs og Lækjargötu og tveir gangi milli Lækjargötu og Ingólfstorgs. Mikilvægt er að lögregluþjónarnir verði ekki í sérsveitarklæðnaði þó ætlunin sé að auka sýnileika þeirra.